



## Atvinnuleysi leitar upp á við – aðrar stærðir á vinnumarkaði stöðugar

### Fækkun fólks á vinnumarkaði

Samkvæmt niðurstöðum mánaðarlegrar vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að rúmlega 210 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í maí 2019, sem jafngildir 82,4% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 197.500 starfandi og 12.700 atvinnulausir. Atvinnuleysi var því 6,1% af vinnuafli, í maí sem var verulega meira en mánuðina þar á undan, og 3,1 prósentustigum hærra en var í maí 2018. Starfandi voru um 800 færri nú í maí en í maí 2018. Sveiflur milli mánaða eru töluverðar og sé miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða var fjölgun starfandi á einu ári 2,7% nú í maí. Í maí 2018 var samsvarandi tala 1,2% og 3,5% í maí 2017.




### Aukið atvinnuleysi farið að mælast

Tölur Hagstofunnar um atvinnuleysi eru að jafnaði hærri en tölur Vinnuálastofnunar um skráð atvinnuleysi. Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hefur mæling á skráðu atvinnuleysi yfirleitt verið hálfu til einu prósentustigi lægri en svör úr vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar gefa til kynna. Undantekning á þessu var á árunum 2009-2010 þegar atvinnuleysi var sögulega mjög mikið. Nú eru þessir tveir ferlar að nálgast hvor annan. Í apríl munaði einungis 0,1 prósentustigi á þessum mælingum og 0,2 prósentustigum í maí. Hagstofan mældi 6,1% atvinnuleysi í maí, sem er hátt á hennar mælikvarða, og Vinnuálastofnun 3,6%, sem var eilítið lægra en í apríl. Báðar mælingar sýna hins vegar töluverða aukningu atvinnuleysis á árinu.

### Atvinnuþátttaka áfram stöðug

Atvinnuþátttaka í maí var 82,4% en var 82,7% í maí 2018, þannig að atvinnuþátttaka jókst um 0,3 prósentustig milli ára.

Sé litið á 12 mánaða meðaltal dróst atvinnuþátttaka saman um 0,1 prósentustig á tímabilinu maí 2018 til maí 2019.





## Vinnutími stöðugur

Vikulegar vinnustundir voru að jafnaði 40 í maí og hafði fjölgað um 0,1 stund á einu ári frá maí 2018. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn nú í maí einnig 0,1 stund styttri en var í maí 2018 og hefur hann verið mjög stöðugur á þann mælikvarða frá upphafi síðasta árs.

## Ekki lengur aukning á vinnuafslnotkun

Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman jókst vinnuafslnotkun samfellt á árinu 2018 og einnig á 1. ársfjórðungi 2019. Meginskýringuna hefur verið að finna í sífellt auknum fjölda starfandi á vinnumarkaði. Þannig jókst fjöldi unninna stunda um 2,3% á 4. ársfjórðungi 2018 og 1,8% á fyrsta ársfjórðungi í ár. Nú hefur hins vegar orðið smá breyting þar sem starfandi fólki fækkaði um 0,4% milli maí 2018 og maí 2019. Vinnutími lengdist hins vegar um 0,3% milli ára þannig að vinnuafslnotkun minnkaði eilítið frá því í maí í fyrra.

## Staðan tvísýn

Spár um aukið atvinnuleysi eru farnar að raungerast í nýjustu tölum sem komið hafa fram. Flest bendir til þess að atvinnuleysi muni aukast eitthvað á næstu misserum, í kjölfar efnahagslegra áfalla eins og gjaldþrots WOW air og loðnubrests. Atvinnuleysið hefur bitnað einna mest á Suðurnesjum þar sem skráð atvinnuleysi var 6,4% í apríl og 6,6% í maí sem er miklu meira en tvöföldun frá fyrra ári.


Í nýjustu þjóðhagsspá sinni reiknaði Hagfræðideild Landsbankans með því að skráð atvinnuleysi verði að meðaltali 4,5% í ár, 4% á árinu 2020 og 3,5% á árinu 2022.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

## Venjulegar vinnustundir



## Atvinna og vinnutími

